



Nína Tryggvadóttir © Una Dóra Copley/Myndstef.

Fljúgandi fiskisaga

Fljúgandi fiskisaga kom út 1948 og þrátt fyrir sakleysislegt yfirbragð bendir ýmislegt til að útgáfa þeirrar sögu hafi haft áhrif á að dvalarleyfi Nínu í Bandaríkjunum fékkst ekki endurnýjað. Hér segir frá bókmenntaþjóðinni á hjara veraldar sem matreiðir lýsi á 365 vegu og skemmtir sér við að segja draugasögur. Dag einn kemur fljúgandi furðufiskur, hlammar sér niður á eyjuna og stækkar og dafnar við góða aðhlynningu eyjarskeggja og breiðir sig að lokum yfir eyjuna smáu og hrekur íbúana á haf út. Þó hér sé Nína á táknrænan hátt að

fjalla um erlenda hersetu á Íslandi er það varla á færi ungra barna að túlka þann boðskap sem beinlínis vakir fyrir henni. En Bandaríkjastjórn skildi þetta á einn veg og meinaði henni að snúa aftur til Bandaríkjanna til að sameinast eiginmanni sínum eftir stutta dvöl hennar hér á Íslandi síðla árs 1949, því „...forráðamönnum þessa mesta stórveldis hnattarins fannst vá fyrir dyrum, ef þessi litla stúlka frá Íslandi kæmist í gegnum nálarauga landvarnanna“, eins og Sigurður Nordal kemst að orði í minningargrein um Nínu 1968. Nína freistaði þess að komast inn í Bandaríkin í febrúar 1950 en var hneppt í varðhald og send heim aftur. Nína leitaði til Kvenréttindafélags Íslands til að fá ráð varðandi réttarstöðu sína og eru varðveitt bréfasamskipti þess efnis í Kvennasögusafni Íslands.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Í samstarfi við Listasafn Háskóla Íslands og Kvennasögusafn Íslands.

Helstu heimildir: Aðalsteinn Ingólfsson: „N. Tryggvadóttir. Náttúrustemmningar 1957-1967“. Listasafn Íslands, 1994 og „Elsku vinkona mín í Vesturheimi“. *Ritmennt* 5, 2000.

Hrafnhildur Schram: *Nína í krafti og birtu*. Almenna bókafélagið, 1982.

Febrúar 2014 - Samantekt: Ólafur J. Engilbertsson.

Nína Tryggvadóttir



Nína Tryggvadóttir á vinnustofu sinni um 1955. Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Andrés Kolbeinsson.


Sýning í Þjóðarbókhöllu opnuð í febrúar 2014
í tilefni af því að öld er liðin frá fæðingu listakonunnar



Nína, Alcopley og Una Dóra á sýningu í Drian Gallery 1959.

Nína Tryggvadóttir (1913-1968) var fyrst og fremst þekkt sem listmálari en samdi einnig og myndskreytti nokkrar bækur fyrir börn. Nína var fædd 16. mars 1913 á Seyðisfirði. Foreldrar hennar voru Tryggvi Guðmundsson, kaupmaður þar og síðar féhirðir Áfengisverslunar ríkisins í Reykjavík, og Gunndóra Benjamínsdóttir saumakona. Gunndóra var önnur eiginkona Tryggva og átti Nína tvö alsystkini og fimm hálsystkini. Nína naut tilsagnar Ásgríms Jónssonar í teikningu á æskuárum. Hún stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík og listnám í skóla Finns Jónssonar og Jóhanns Briem áður en hún hélt til náms við Det Kongelige Akademi for de Skønne Kunster í Kaupmannahöfn 1935-1939. Framhaldsnám stundaði hún í París 1939-1940 og við Art Student's League í New York 1943-1946. Á árunum 1940-1943 dvaldist Nína í Reykjavík og kynntist þá mörgum listamönnum í Unuhúsi, m.a. Louisu Matthíasdóttur sem einnig var samtíða henni í námi í Bandaríkjunum. Bréf Nínu til Erlends í Unuhúsi rituð á námsárum hennar í Bandaríkjunum eru varðveitt í handritasafni Landsbókasafns og eru þau mörg skemmtilega myndskreytt. Nína var löngum búsett erlendis, m.a. í Kaupmannahöfn, París, London og New York þar sem hún bjó síðustu árin.

Nína hélt einkasýningar hér heima og erlendis og tók þátt í fjölmörgum samsýningum. Nína var virkur félagi í hreyfingu abstrakt-expressjónista í New York og eru listaverk hennar í söfnum og í einkaeign víða um heim. Nína gekk að eiga Alfred L. Copley, öðru nafni L. Alcopley (1910–1992) lækni og myndlistarmann í New York árið 1949 og áttu þau saman eina dóttur, Unu Dóru, f. 1951, sem er búsett í Bandaríkjunum. Nína andaðist úr krabba-meini 18. júní 1968 í New York og var jarðsett í Fossvogskirkjugarði.



Úr bréfi Nínu til Erlends í Unuhúsi 14. Júní 1946, Lbs 5 NF, askja 3. Nína Tryggvadóttir@Una Dóra Copley/Myndstef.

Barnabækur

Fyrstu barnabækurnar með myndskreytingum eftir íslenska listamenn komu ekki út fyrr en á fyrstu áratugum 20. aldar. Enn færri bæði skrifuðu bækur og myndskreyttu og var það aðeins Muggur sem það hafði gert þegar Nína Tryggvadóttir kvaddi sér hljóðs með *Sögunni af svörtu gimbur* 1946. Sama ár kom út bók með myndskreytingum Nínu við gamla ævintýrið *Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn*, en áður hafði Nína myndskreytt *Tindátana* eftir Stein Steinarr (1943) og *Kvisti í altarinu* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson (1944). Næsta frumsamda bók Nínu var *Kötturinn sem hvarf* (1947). *Fljúgandi fiskisaga* kom svo út 1948 og *Stafirnir og klukkan* 1949. Síðasta bók Nínu fyrir börn var *Skjóni* sem kom út 1967. Þegar Nína lést árið 1968 átti hún í fórum sínum handrit að nokkrum barnabókum sem vonandi eiga eftir að ná til íslenskra lesenda.